

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

194. FUNDUR.

194. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 26. janúar árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags, Húnaþings vestra og Bæjarhrepps árið 2012 fyrir aðalsjóð og undirfyrirtæki. Síðari umræða. Skrifstofustjóri og oddviti kynntu.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja Húnaþings vestra fyrir árið 2012.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi greinargerð með fjárhagsáætlun Húnaþings vestra 2012.

Fjárhagsáætlun Húnaþings vestra 2012 sem hér er lögð fram er áætlun fyrir sameinað sveitarfélag Bæjarhrepps og Húnaþings vestra, en sameining þessara sveitarfélaga tók gildi þann 1. janúar sl. Sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna höfðu áður hver um sig afgreitt fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 og þess vegna er framlögð áætlun hins sameinaða sveitarfélags samkeyrsla á áætlunum sveitarfélaganna beggja. Taka skal fram að við gerð fjárhagsáætlunar sameinaðs sveitarfélags er tekið tillit til þeirrar fjárhagslegu hagræðingar sem sameining þeirra augljóslega leiddi af sér og stefnt var að. Við gerð fjárhagsáætlunarinnar var stuðst við allar megin forsendur og skýringar sem fram komu í greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. desember sl.

Sá árangur sem birtist í fjárhagsáætlun Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2012 er afar gleðilegur en jafnframt nauðsynlegur þar sem auknar kröfur hafa verið lagðar á sveitarfélögin í landinu með nýjum fjármálareglum sem tóku gildi um sl. áramót. Í þeirri nýju löggjöf er allt eftirlit með fjármálum þeirra hert að mun og má í því samhengi t.d. nefna að hömlur eru nú lagðar á skuldsetningu sveitarfélaga og þeim óheimilt að samþykkja fjárhagsáætlanir með neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Þess vegna er mikilvægt að fjárhagsáætlun hins sameinaða sveitarfélags er lögð fram með jákvæðri niðurstöðu í heild sinni þ.e. bæði á A- og B- hluta samstæðu og er það í fyrsta skipti í sögu Húnaþings vestra sem sá árangur næst frá því að breyting var gerð á reikningsskilum sveitarfélaga árið 2002.

Á árinu 2012 er gert ráð fyrir nokkrum fjárfestingum og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins má þar t.d. nefna gatna- og gangstéttarframkvæmdir, áframhaldandi uppbyggingu grasvallar í Kirkjuhvammi og útivistarsvæðis við Syðri-Hvammásá, gatnalýsingu auk fjárfestinga og framkvæmda á vegum vatnsveitu á Laugarbakka og Hvammstanga og fráveitu á Hvammstanga og hitaveitu á Borðeyri. Á árinu 2012 er gert ráð fyrir fjárfestingu vegna uppbyggingar námsvers vegna dreifnáms sem hefjast mun nk. haust. Þá er gert ráð fyrir

framkvæmdum við aðgengismál skólahúss og gatnagerð á Borðeyri. Þess skal og getið að sveitarstjórn hefur undirritað samkomulag við Símann um breytingar á símsstöðvum á Hvammstanga og Laugarbakka svo unnt verði að auka nethraða og gagnaflytningu kerfisins á þeim stöðum og í næsta nágrenni þeirra. Samkvæmt samningnum er áætlað að framkvæmdum vegna þessa verði lokið í byrjun aprílmánaðar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2012 skal þess getið að vegna breytinga á áætlanagerfi er lán á milli Eignasjóðs og Reykjaeigna ehf. að fjárhæð kr. 82.011.000- nú fært sem annars vegar almennar langtímaskuldir og hins vegar sem almennar langtímakröfur og hækka því fastafjármunir og skuldir og skuldbindingar sem því nemur. Þessi breyting hefur þannig engin áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2012:

Áætlunin er lögð fram með 4,6 millj. kr. tekjuafgangi af rekstri Aðalsjóðs og 21,5 millj. kr. afgangi af rekstri A-hluta samstæðunnar.

Áætlað er að Fráveita og Hitaveita skili rekstarafgangi en að önnur B-hluta fyrirtæki séu rekin með halla.

Rekstarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 56,4 millj. kr. en heildarniðurstaða samstæðunnar er jákvæð um 5,0 millj. kr.

Tekjur A-hluta eru áætlaðar 937,6 millj. kr. en gjöld 907,5 millj. kr.

Tekjur samstæðunnar eru áætlaðar 1.068 millj. kr. en gjöld 1.012 millj. kr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir 51,4 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri til greiðslu afborgana lána og til fjárfestinga er kr. 75,8 millj. kr.

Gert er ráð fyrir nýjum lántökum að upphæð kr. 34,0 millj. kr. og afborgunum lána að fjárhæð 70,5 millj. kr.

Handbært fé í árslok er áætlað kr. 107 millj. kr. sem er lækkun um 1,4 millj. kr. frá ársbyrjun.

2. 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir aðalsjóð og undirfyrirtæki Húnaþings vestra árin 2013, 2014 og 2015. Fyrri umræða. Skrifstofustjóri og oddviti kynntu. Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri þriggja ára áætlun til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 9. febrúar nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnaþingi vestra. Síðari umræða. Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Húnaþingi vestra og felur tæknideild að óska staðfestingar umhverfisráðherra á samþykktinni.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 15.28

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Elín R. Líndal

Gunnar Þorgeirsson

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari.